

Þriðjudaginn 20. maí 1997.

Nr. 204/1997.

Fataframleiðendur ehf.

(Rut Skúladóttir)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1997, þar sem staðfest var fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði án árangurs hjá sóknaraðila 25. júlí 1996 að kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst ógildingar fjárnámsins og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms og kærumálskostnaðar.

Í greinargerð sóknaraðila til Hæstaréttar kemur fram, að héraðsdómari hafi í úrskurði sínum ranglega tilgreint skyldleika fyrirsvartsmanns sóknaraðila og nafngreinds vitnis. Ekki verður séð, að misögn þessi fái neinu breytt um mat á sönnunargildi framburðar vitnisins. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Fataframleiðendur ehf., greiði varnaraðila, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1997.**I.**

Mál þetta var þingfest 3. október 1996 og tekið til úrskurðar 7. mars 1997 að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Fataframleiðendur ehf., kt. 441089-1399, Snorrabraut 56, Reykjavík.

Varnaraðili er Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að aðfarargerð nr. 11/1995/18859, sem sýslumaðurinn í Reykjavík framkvæmdi hjá sóknaraðila 25. júlí 1996 að kröfu varnaraðila, verði felld úr gildi. Jafnframt krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að fjárnámsgerð sýslumannsins í Reykjavík í aðfarmálinu nr. 11/1995/18859, sem fram fór 25. júlí 1996 hjá sóknaraðila, verði staðfest. Að auki krefst hann málskostnaðar í máli þessu að mati réttarins.

Málið hefur dregist á langinn, m. a. vegna margra fresta, sem sóknaraðili hefur fengið til gagnaöflunar, svo og forfalla sóknaraðila, þegar munnlegur málflutningur skyldi fara fram. Við fyrirtöku málsins í dag lýsti dómari yfir, að hann teldi óþarft, að málið yrði flutt að nýju, þótt 32 dagar væru liðnir frá dómtöku þess, og voru talsmenn aðila sama sinnis.

II.

Hinn 25. júlí 1996 var af hálfu sýslumannsins í Reykjavík tekin fyrir að Bergstaðastræti 19, Reykjavík, aðfarargerð nr. 11/1995/18859. Gerðarbeiðandi var varnaraðili máls þessa, Gjaldheimtan í Reykjavík, og gerðarþoli varnaraðili málsins, Fataframleiðendur ehf. Samkvæmt endurriti úr gerðabók um gerð þessa krafðist gerðarbeiðandi fjárnáms fyrir kröfu, að fjárhæð 5.373.936 kr., þannig sundurliðaðri:

Höfuðstóll	kr. 3.687.374
Dráttarvextir reiknaðir til 30. 9. 1995	– 1.505.762
Kostnaður	– 170.800
Aðfarargjald í ríkissjóð	– 10.000

auk áfallandi dráttarvaxta samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 til greiðsludags og alls kostnaðar af frekari fullnustugerðum.

Í umræddu endurriti stendur síðan:

„Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Harri Ormarsson lögfr., en fyrir gerðarþola Rut Skúladóttir, meðstjórnandi í stjórn gerðarþola. Henni er kynnt kröfugerð gerðarbeiðanda og leiðbeint um stöðu sína við gerðina, en

verður ekki við áskorun um að greiða kröfu gerðarbeiðanda. Skorað er á málsvara gerðarþola að benda á eignir til fjárnáms. Hann segir gerðarþola engar eignir eiga til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst þess, að fjárnámi verði lokið án árangurs, og er svo gert með vísan til 8. kafla l. nr. 90/1989. Málsvara gerðarþola er leiðbeint um þýðingu fjárnámsins og kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.

Gerðinni er þannig lokið

Guðrún Sigtryggsdóttir (sign)

Harri Ormarsson lögfr. (sign)

Vottur: Hulda Egilsdóttir (sign)“.

III.

Krafa sóknaraðila um ógildingu aðfarargerðar, hér eftir nefnd greinargerð sóknaraðila, er rituð af Rut Skúladóttur, sem á sæti í stjórn sóknaraðila og var málsvari félagsins við aðfarargerðina. Í greinargerðinni er því ýtarlega lýst, sem málsvari sóknaraðila telur hafa farið fram við umrædda aðfarargerð. Rut kveðst hafa verið í baði, þegar komið var heim til hennar umrætt sinn. Baðherbergi íbúðarinnar sé baka til á neðri hæð við hliðina á bakdyrum, sem hafi staðið opnar út í garð. Hafi hún heyrt fólk koma inn í garðinn, fara upp á aðra hæð og spyrja eftir sér. Hún hafi stigið upp úr baðinu, vafið sig handklæði og farið út í dyr til að kanna, hverjir þar væru. Þar hafi þrennt verið á ferð, og hafi hún strax kannast við Guðrúnu Sigtryggsdóttur, fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík. Með henni í för hafi verið kona og maður, sem hún hafi ekki borið kennsl á. Guðrún hafi haft orð fyrir þeim og sagt þau vera frá sýslumanninum í Reykjavík og þangað komin vegna skattkröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík á hendur Fataframleiðendum ehf. Sýslumannsfulltrúinn hafi krafist þess, að hún benti á einhverjar eignir til fjárnáms.

Rut kveðst hafa vísað því á bug að ræða nokkuð um þetta mál við þessar kringumstæður og bent aðkomufólki á þá staðreynd, að hún stæði þar klæðlaus og blaut, en lagt til, að hún kæmi á skrifstofu sýslumannsins í Reykjavík og fjallaði þar um málið. Hún kveður fulltrúa sýslumanns hafa sagt, að hún hefði áður verið boðuð til fjárnáms, en ekki komið, og því væru þau nú komin og vildu gera fjárnám. Rut kveðst hafa sagt, að hún vissi ekkert um það. Hún kveðst aldrei hafa fengið boðun um að mæta hjá sýslumanni vegna þessa máls, en slíkri boðun hefði hins vegar verið beint að stjórnarformanni félagsins, Birni Baldurssyni, sem dvalist hefði erlendis frá því í september 1995. Næst hafi tekið til máls maður sá, er verið hafi í för með Guðrúnu, og sagt frekjulega, að hún yrði að benda á eignir til fjár-

náms. Rut kveður sér þá hafa verið nóg boðið og ítrekað það, sem hún hefði áður sagt. Hafi hún ætlað inn og tekið í hurðina til að loka á eftir sér, en þá hafi maðurinn hrífsað í hurðina, haldið henni opinni og öskrað: „Á félagið einhverjar eignir, – já eða nei?“ Kveðst hún hafa spurt, hver hann væri, og hann svarað því til, að hann væri Harri Ormarsson, lögfræðingur Gjaldheimtunnar. Hann hafi sagst ætla að kalla á lögreglu, en hún sagt þetta fáránlegt, farið inn og lokað á eftir sér. Rut kveður son sinn hafa orðið vitni að öllu, sem fram hafi farið. Einnig hafi vinkona hennar, Áslaug, staðið á tröppunum uppi og séð og heyrt það, sem fram hafi farið.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að skuldir ársins 1991 séu ranglega tilgreindar. Í útskrift varnaraðila yfir opinber gjöld sóknaraðila komi fram, að þar séu skuldfærðar 150.000 kr. tvisvar, en það sé tryggingargjald vegna veggja gjaldþrotamála, sem varnaraðili hafi höfðað gegn sóknaraðila, en síðan afturkallað. Sóknaraðili telur því, að skuld vegna ársins 1991 ætti að lækka um 300.000 kr. Þá kveður sóknaraðili gjöld vegna ársins 1992 enn vera til meðferðar hjá yfyrskattanefnd, en samkvæmt áætlun viðskiptafræðings ættu því gjöldin að nema um 300.000 kr., og séu því samanlagðar skuldir sóknaraðila um 457.000 kr. auk vaxta.

Því er haldið fram, að sóknaraðili hafi ekki fyrr en 31. júlí 1996 fengið upplýsingar um, að árangurslaust fjárnám hafi verið gert hjá honum 25. júlí sl. Við lestur endurrits úr gerðabók vegna fjárnámsins hafi komið í ljós, að ekkert hafi þar verið getið um það, sem fram hafi farið, og auk þess sé þar tilbúningur um málsatvik.

Sóknaraðili kveður fulltrúa sýslumanns hafa í mörgum atriðum látið hjá líða að fara eftir lögum og reglum um framkvæmd aðfarargerðarinnar. Sóknaraðili telur, að fulltrúi sýslumanns hafi ekki upplýst málsvara gerðarþola um, hverra erinda þau væru þar, og ekki hafi verið veittar leiðbeiningar um stöðu málsvarans. Þá hafi fulltrúi sýslumanns ekki heldur farið þess á leit, að málsvari klæddi sig.

Þá sé sú fullyrðing í endurriti röng, að málsvara gerðarþola hafi verið leiðbeint um þýðingu fjárnámsins, og hreinn skáldskapur, að henni hefði verið kynnt efni bókunar og engar athugasemdir gert, enda hefði hún í svo mikilvægu máli gert verulegar athugasemdir og krafist þess, að fulltrúi sýslumanns færdi þær inn í gerðabók.

Samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 90/1989 skuli í gerðabók m. a. greint frá því, hvernig aðfarargerð hafi farið fram. Þá fjalli 27. gr. laganna um það, hvernig sýslumaður eigi að bregðast við, ef gerðarþoli hefur uppi mótmæli við framkvæmd gerðar eða andmælir kröfum gerðarbeiðanda um það, hvernig staðið verði að gerðinni. Í athugasemdum við 27. gr. frumvarps til

aðfararlaga segi, að ef sýslumaður hafni frestkröfu gerðarþola samkvæmt reglum 26. gr., verði hann að taka afstöðu til mótmæla gerðarþola þegar í kjölfarið á grundvelli þeirra gagna eða raka, sem gerðarþoli hafi tiltæk. Sóknaraðili telur lýsingu fulltrúa sýslumanns á því, hvernig gerðin hafi farið fram, algeran tilbúning. Málsvari gerðarþola hafi borið fram tvíþætt mótmæli, annars vegar hafi hún mótmælt því að tala við fulltrúa sýslumanns allsnakin og hins vegar óskað eftir, að gerðinni væri frestað. Með vísan til 27. gr. og með skírskotun til 33. gr. hafi sýslumanni borið að taka afstöðu til mótmælanna þegar í stað og bóka um þau í gerðabók og jafnframt, hvaða afstöðu sýslumaður tæki til mótmælanna. Ekkert af þessu hafi fulltrúi sýslumanns gert.

Sóknaraðili kveður sýslumanni skylt skv. 3. mgr. 33. gr. afl. að lesa upp bókun sína við lok gerðar fyrir þá, sem viðstaddir séu, eða kynna þeim meginatriði bókunarinnar, ef þeir telja það nægja. Skuli þeim gefinn kostur á að undirrita bókun ásamt sýslumanni. Þá sé skv. 2. mgr. 34. gr. afl. skylt að hafa vott viðstaddan, sem votti með undirritun sinni, að sýslumaður hafi kynnt gerðarþola bókun um aðfarargerð. Ekkert af þessu hafi verið gert, og með athöfnum sínum hafi sýslumaður komið í veg fyrir, að gerðarþoli gæti neytt réttar síns skv. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 90/1989 að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina, áður en henni væri lokið.

Sóknaraðili kveður ranga þá fullyrðingu í endurriti úr gerðabók, að umboðsmaður gerðarbeiðanda hafi krafist þess, að fjárnámi væri lokið án árangurs. Telur hann, að málsvari gerðarþola hefði mótmælt slíkri kröfu og krafist bókunar. Í 62. gr. laga nr. 90/1989 komi fram skilyrði þess, að fjárnámi verði lokið sem árangurslausu, en samkvæmt athugasemdum við greinina í frumvarpi til aðfararlaga komi þau málalok að jafnaði því aðeins til greina, að náðst hafi í gerðarþola eða málsvara hans, sem jafngildi því í reynd, að fjárnámi verði almennt ekki lokið án árangurs nema vegna yfirlýsingar gerðarþola um eignaleysi. Af hálfu gerðarþola hafi alls ekki verið lýst yfir eignaleysi 25. júlí sl., og séu bókanir sýslumanns þar um með öllu ósannar. Sóknaraðili kveður hið síðasta, sem fulltrúi varnaraðila hafi sagt við gerðina, hafa verið, að hann kæmi á eftir með lögreglu í fylgd með sér. Þá yfirlýsingu hafi ekki verið hægt að skilja öðruvísi en svo, að varnaraðili hafi ætlað sér að nýta heimild 29. gr. laga nr. 90/1989 og að aðfarargerðinni væri þar með ekki lokið. Málsvari sóknaraðila hafi því vænst heimsóknar lögreglumanna og yfirheyrslna um eignastöðu sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður í 64. gr. laga nr. 90/1989 vera kveðið á um heimildir sýslumanns til að kanna eignastöðu gerðarþola með skýrslutöku annarra en gerðarþola. Ekki hafi fulltrúi sýslumanns séð ástæðu til að fara eftir þessu

lagaákvæði. Þá hafi talsmanni varnaraðila mátt vera ljóst, að félagið ætti nokkrar eignir, sem varnaraðili hafði áður gert fjárnám í, en leyst síðan undan fjárnámi án þess að hirða um að gera nýtt fjárnám í þeim.

Sóknaraðili telur fulltrúa sýslumanns með embættisfærslu sinni hafa komið í veg fyrir, að gerðarþoli gæti nýtt sér heimildir til skuldajafnaðar, en með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu Y-8/1994 hafi Gjaldheimtan í Reykjavík verið úrskurðuð til að greiða Fataframleiðendum ehf. 25.000 kr. í málskostnað.

Þá telur sóknaraðili fulltrúa sýslumanns hafa farið offari í embættisfærslum sínum. Framkoma fulltrúa sýslumanns og fulltrúa varnaraðila 25. júlí 1996 hafi allt í senn verið vanvirðandi, niðurlægjandi og ruddaleg fyrir forvarsmann sóknaraðila, þar sem hún hafi staðið nakin fyrir framan handhafa opinbers sýslunarvalds, og telur sóknaraðili, að með því hafi verið brotið gróflega gegn 1. og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Af hálfu sóknaraðila hefur verið bent á, að ósamræmi sé milli bókunar við fjárnámið í fram lögðu ljósriti úr gerðabók og staðfestu endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík vegna gerðarinnar. Telur sóknaraðili ósamræmið svo verulegt, að varða eigi ógildingu gerðarinnar.

IV.

Varnaraðili kveður stjórnarmanni sóknaraðila, Rut Skúladóttur, hafa verið kynnt krafa sú, sem fjárnám hafi verið gert fyrir, og hafi verið skorað á hana að benda á eignir til tryggingar kröfunni. Hafi hún sagt, að sóknaraðili ætti ekki eignir til tryggingar kröfunni, og sé því réttilega bókað, að hún hafi lýst yfir eignaleysi, enda hafi hún ekki getað bent á eignir til tryggingar kröfunni. Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík hafi því gerðinni verið réttilega lokið sem árangurslausri að kröfu varnaraðila. Fullyrðingar fyrirvarsmanns sóknaraðila um frekari orðaskipti milli hans og fulltrúa varnaraðila við framkvæmd fjárnámsins hafi engin verið færð til bókar samkvæmt endurritinu og hafi því enga þýðingu í máli þessu og því síður, hvernig hún klæddist við aðfarargerðina.

Varnaraðili kveður kröfugerð sóknaraðila vera tilraun til að komast undan ábyrgð á gifurlegum skattskuldum. Fullyrðingum sóknaraðila um, að ekki hafi verið lýst yfir eignaleysi, mótmælir varnaraðili sem ósönnum og ósönnuðum. Þá telur varnaraðili skriflega skýrslu vitnisins Áslaugar Hauksdóttur ranga og ósannaða og ekki í samræmi við fullyrðingar í greinargerð sóknaraðila. Enn fremur telur varnaraðili greinargerð sóknaraðila villandi og misvísandi og í verulegum atriðum ekki í samræmi við fram lagða skýrslu Rutar Skúladóttur. Hið eina, sem varnaraðili telur rétt í málavaxtalýsingu sóknaraðila, sé það, að ekki hafi verið unnt að kynna málsvara

gerðarþola bókun sýslumanns, eftir að gerðinni hafi verið lokið, þar sem hún hafði lokað dyrum, áður en bókunin var lesin. Það, að málsvara sóknaraðila hafi ekki verið kynnt þýðing gerðarinnar, sé á ábyrgð sóknaraðila og valdi ekki ógildi hennar.

Varnaraðili kveður endurrit úr gerðabók sýslumanns vera opinbert skjal í skilningi 71. gr. laga nr. 91/1991. Ekki verði annað séð af skjali þessu en það sé áritað bæði af fulltrúa sýslumanns og vottað um bókun hans. Réttilega hafi verið staðið að framkvæmd fjárnámsins og engin þau atvik, er ættu að varða ógildi aðfarargerðarinnar. Hafi sóknaraðili viljað benda á eignir til tryggingar kröfunni, hafi honum verið í lófa lagið að óska eftir endurupptöku gerðarinnar í því skyni.

V.

Sóknaraðili telur fjárhæðir þeirra krafna, sem aðför hafi verið gerð fyrir, of háar. Annars vegar hafi láðst að draga frá tryggingarfjárhæðir vegna afturkallaðra gjaldþrotaskiptakrafna, og hins vegar hafi gjöldin byggst á áætlunum. Í fram lögðu viðskiptayfirliti varnaraðila yfir opinber gjöld sóknaraðila kemur fram, að á móti kostnaði vegna gjaldþrotaskiptabeidni 22. janúar 1992, 3.000 kr., og tryggingu vegna skiptakostnaðar, 150.000 kr., bókfærðri 10. febrúar 1993, komi bakfærsla 3. mars 1993, 153.000 kr. Einnig kemur þar fram, að 22. september 1994 hafi verið bókfærð trygging vegna skiptakostnaðar, 150.000 kr., en 17. nóvember 1994 hafi sama fjárhæð verið bakfærð sem endurgreiðsla. Sú málsástæða sóknaraðila, að tryggingar vegna skiptakostnaðar hafi ekki verið bakfærðar, á því ekki við rök að styðjast. Krafa varnaraðila er reist á álögðum opinberum gjöldum sóknaraðila, sem að nokkru leyti eru áætlanir skattstjóra, svo og vöxtum og kostnaði, allt frá árunum 1991 til 1995. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á, að einstökum álagningum hafi verið hnekkð eða að lækka beri kröfu þá, sem varnaraðili krafðist aðfarar fyrir.

Aðfararbeiðni í máli þessu barst sýslmanninum í Reykjavík 24. október 1995. Samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 21. gr., sbr. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, má víkja frá skyldu til tilkynningar um fyrirtöku aðfararbeiðni, ef um er að ræða aðför til fullnustu skattakröfu. Því var birting boðunar vegna fyrirtöku umræddrar aðfararbeiðni ekki nauðsynleg. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram, að hann hafi ekki rekið starfsemi frá árinu 1992 og að stjórnarformaður félagsins hafi dvalist erlendis frá því í september 1995. Með hliðsjón af framangreindu og 2. mgr. 24. gr. afl. var heimilt að taka gerðina fyrir á heimili Rutar Skúladóttur, stjórnarmanns sóknaraðila, og líta á hana sem málsvara gerðarþola við gerðina.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að málsvari hans hafi haft uppi

tvenn mótmæli við gerðina, en þau hafi ekki verið færð til bókar. Vitnið Hulda Egilsdóttir bar fyrir dómi, að hún hefði verið vottur við gerðina. Hún kannaðist ekki við nein mótmæli af hálfu málsvara gerðarþola og kvað fullvíst, að bókað hefði verið um slík mótmæli, ef þau hefðu komið fram. Í endurriti úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík, sem telst opinbert skjal í skilningi 1. mgr. 71. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, er engra mótmæla getið. Fullyrðingar Rutar Skúladóttur, talsmanns sóknaraðila, teljast ósannaðar og með vísan til 3. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991 geta þær ekki hnekktt því, sem fram kemur í endurriti úr gerðabók. Verður því að líta svo á, að engin formleg mótmæli, sem skylt var að bóka, hafi komið fram við gerðina.

Í endurriti úr gerðabók kemur fram, að málsvari gerðarþola hafi ekki orðið við áskorun um að greiða. Skorað hafi verið á hana að benda á eignir til fjárnáms, en hún sagt gerðarþola engar eignir eiga til tryggingar kröfu gerðarbeiðanda. Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda hafi fjárnáminu þá verið lokið sem árangurslausu.

Af hálfu sóknaraðila hefur efni ofangreindrar bókunar verið harðlega mótmælt. Fyrir liggur, að varnaraðili lét gera fjárnám í tilteknu lausafé í eigu sóknaraðila 22. október 1993, en leysti það undan fjárnámi 20. apríl 1994. Þrátt fyrir þá staðreynd þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, að lausafé þetta hafi enn verið í eigu félagsins eða getað verið nothæf trygging fyrir kröfu varnaraðila, þegar margumrætt fjárnám fór fram 25. júlí 1996. Vitnið Áslaug Hauksdóttir bar, að hún hefði verið stödd á tröppum fyrir utan efri hæð hússins, þegar gerðin fór fram. Hún kvaðst ekki hafa heyrt öll orðaskil, en þó heyrt Rut Skúladóttur neita að tala og karlmann í hópi aðkomufólks hóta að senda eftir lögreglu. Hún kvaðst ekki hafa heyrt málsvara gerðarþola lýsa yfir eignaleysi. Hulda Egilsdóttir, sem var vottur við umrædda gerð, bar fyrir dómi, að ákveðið hefði verið að ljúka gerðinni sem árangurslausri. Hún kvað endurrit af gerðinni vera í samræmi við það, sem fram hefði farið. Fullyrðingar talsmanns sóknaraðila þykja hafa takmarkaðan stuðning í framburði vitnisins Áslaugar fyrir dómi, en þær eru systkinadætur og vinkonur, og framburður vitnisins Huldu gengur þvert á fullyrðingar hennar. Með vísan til þess og 71. gr. laga nr. 91/1991 þykir sönnunargildi endurrits úr gerðabók ekki hafa verið hnekktt, og verður að líta svo á, að fjárnámið hafi farið fram með þeim hætti, sem þar er frá greint.

Sóknaraðili hefur fullyrt, að fulltrúi sýslumanns hafi ekki leiðbeint málsvara gerðarþola við gerðina og að henni hafi ekki verið kynnt efni bókunar. Í endurriti úr gerðabók kemur fram, að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt og málsvara gerðarþola verið kynnt efni bókunar, sem hún hafi engar athugasemdir gert við, og hefur sönnunargildi þessa opinbera skjals ekki

verið hnekktt. Ekki var ritað undir gerðina af hálfu gerðarþola, enda slíkt ekki skylt, sbr. 3. mgr. 33. gr. afl.

Sóknaraðili telur, að fulltrúi sýslumanns hafi komið í veg fyrir, að komið yrði að skuldajafnaði vegna málskostnaðarkröfu hans á hendur varnaraðila. Í endurriti úr gerðabók kemur ekki fram, að slíkri skuldajafnaðarkröfu hafi verið hreyft, og kemst hún því ekki að í þessu máli.

Eins og sóknaraðili hefur réttilega bent á, er ósamræmi í tíu liðum milli fram lagðs ljósrits úr gerðabók og endurrits úr gerðabók vegna umræddrar gerðar. Þau atriði, sem sóknaraðili hefur bent á, eru ýmist smávægilegar viðbætur upp úr fylgiskjöllum, svo sem kennitölur og númer, eða lítils háttar umorðun á texta. Fullt efnislegt samræmi er með gerðabókinni og endurritinu, og getur þetta óverulega ósamræmi í texta eða önnur atriði í bókun um gerðina ekki varðað ógildingu hennar.

Fjárnám er þvingunarúrræði, sem heimilað er að lögum til að knýja á um efndir lögvarinnar kröfu. Heimilt er, að fjárnámsgerðir fari fram á heimilum manna, og í sumum tilvikum óskýlt að tilkynna um slík fjárnám fyrir fram. Á ýmsu getur þá staðið um klæðaburð þeirra, sem slíkar gerðir beinast að. Vitnið Hulda hefur staðfest frásögn málsvara sóknaraðila um það, hvernig hún var klædd við umrædda aðfarargerð. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á, að klæðaburður málsvara sóknaraðila hafi haft áhrif á framkvæmd gerðarinnar.

Samkvæmt ofangreindu þykir ekkert fram komið, sem varðað geti ógildi umræddrar aðfarargerðar, og ber því að staðfesta hana. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík í aðfararmálinu nr. 11/1995/18859, sem fram fór hjá sóknaraðila, Fataframleiðendum ehf., 25. júlí 1996 fyrir kröfu sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.